

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. febrúar 2021

Tilvísun: 202102-0006

LÁ

þþ

Efni: Tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu, 320. mál.

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 4. febrúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu, mál 320.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að koma fyrir ágúst 2021 á samstarfi stjórnvalda, bænda, Landgræðslunnar, atvinnulífs og almennings sem miði að því að auka þátttöku almennings í kolefnisbindingu með landgræðslu og hefja þar með þjóðaráttak í landgræðslu.

Náttúrufræðistofnun Íslands skilaði inn umsögn um sama efni þegar 365. mál var lagt fyrir í mars 2020. Sjá bréf Náttúrufræðistofnunar á meðfylgjandi slóð:

https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/tillaga_til_thingsalyktunar_um_thjodaratak_i_landgraedslu_365_mal.pdf

Náttúrufræðistofnun tekur undir meginmarkmið tillögunnar en ítrekar að samræma þarf aðgerðir sbr. tilvísun í alþjóðasamninga.

Virðingarfyllst,



Þorkell Lindberg Þórarinnsson
forstjóri

